

## Sveitarfélög sýna vináttu í verki

**Til** : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>  
**Frá** : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>  
**CC** : hrafnjokuls@hotmail.com <hrafnjokuls@hotmail.com>  
**Heiti** : Sveitarfélög sýna vináttu í verki  
**Málsnúmer** : 1706057  
**Málsaðili** : Skákfélagið Hrókurinn  
**Skráð dags** : 29.06.2017 11:17:36  
**Höfundur** : Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>

**Viðhengi** [5 \(2\).png](#)[5 \(2\).png](#)  
[image001.gif](#)[image001.gif](#)  
[4a.jpg](#)[4a.jpg](#)

### Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Við höfum verið beðin um að koma á framfæri við ykkur meðfylgjandi styrktarbeiðni frá landssöfnuninni Vinátta í verki, vegna hamfaranna sem urðu á Grænlandi þann 18. júní sl.

Það er okkur í senn ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni, en hér er það kannski hlýhugurinn sem mestu skiptir eins og Hrafn Jökulsson talsmaður söfnurinnar bendir m.a. á hér að neðan:

„Aðfararnótt sunnudagsins 18. júní skall ægileg flóðalda á grænenska þorpinu Nuugattsiaq, sem er á samnefndri eyju í Uummanaq-firði, 600 kílómetrum fyrir norðan heimskautsbaug. Íbúar voru innan við 100 og lifðu á veiðum. Fjórir fórust og ellefu hús gjöreyðilögðust, m.a. rafveitan, verslunin og grunnskólinn. Hættuástandi var lýst yfir í Uummanaq-firði og tvö þorp til viðbótar rýmd. Þjóðarsorg lagðist yfir Grænland.

Grænendingar eru næstu nágrannar Íslendinga og djúp vinátta milli þjóðanna. Einn skýrasti vottur þess, er að Grænendingar efndu til landssöfnunar þegar snjóflóðið mikla féll á Flateyri 1995. Þar gaf margur af litlu.

Mánudaginn 19. júní gengu Hjálparstarf kirkjunnar, Hrókurinn og Kalak til samstarfs um landssöfnunina Vinátta í verki, í þágu þeirra sem verst urðu úti í hamförunum á Grænlandi. Lagt var upp með að alls enginn kostnaður yrði við söfnunina og að öll framlög skili sér óskert til Grænlands.

Viðtökur Íslendinga voru stórkostlegar og nú fyrstu vikuna hafa þúsundir hringt í styrktarsímann og lagt inn á söfnunarreikninginn.

Markmið okkar er að senda Grænendingum sterk skilaboð um að þeir geti ávallt treyst á Íslendinga, og við munum ævinlega standa með nágrönnum okkar á Grænlandi.

Grænendingar eru djúpt snortnir yfir hlýhug, vináttu og stuðningi Íslendinga og Færeyinga.

Nú leggjum við til að öll sveitarfélög á Íslandi taki þátt í að senda Grænendingum skýr og kærleiksrík skilaboð um samstöðu og vináttu.

Reykjavíkurborg (4 millj.) og Borgarbyggð (100.000) gengu frá framlögum í síðustu viku, og

Árneshreppur hefur sent vilyrði.

Við heitum á sveitarfélögin að vera með og ganga frá málinu sem allra fyrst. Sveitarfélögin standa vitanlega mis vel að vígi, og þó upphæðir skipti ekki miklu máli eru sveitarfélögin hvött til að sýna eins mikinn myndarskap og efni leyfa.

Reikningsnúmer landssöfnunarinnar: 0334-26-056200

Kennitala 450670-0499

Talsmaður Vináttu í verki: Hrafn Jökulsson, s. 763 1797

Með bestu kveðju,

Karl Bj.



**Karl Björnsson**

framkvæmdastjóri

Beint innval: 515 4910

Netfang: [karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.